



Reykjavík 26.apríl 2016

**Til ráðamanna leikskólamála.**

Borist hafa ábendingar til Félags stjórnenda leikskóla um tilfelli þar sem leikskólastjórnendur búa við það starfsumhverfi að sérfræðipjónusta sem snýr að ráðgjöf og stuðningi við starfsmenn og starfsemi leikskóla sé lítt aðgengileg og jafnvel alls ekki fyrir hendi. Í lögum um leikskóla er kveðið á um annarsvegar stuðning við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðning við starfsemi og starfsfólk leikskóla og er í þessu bréfi átt við það sem síðar er nefnt. Sem dæmi um afleiðingar þess að leikskólastjórnendur hafa ekki aðgang að sérfræðipjónustu til ráðgjafar og stuðnings við starfsmenn leikskóla má nefna að fjöldi þeirra sem leita til Virk vegna kulnunar og streitu hafa ekki fengið handleiðslu eða stuðning áður en í óefni var komið. Leikskólastjórnendur sjálfir fara langt út yfir mörk eðlilegs vinnuframlags og álags til þess að halda viðkvæmum stofnunum gangandi og eru þannig sjálfir í hættu varðandi langvarandi veikindi.

Í lögum um leikskóla frá 1994 segir:

- **11. gr.** Í sveitarfélögum skulu að jafnaði starfa leikskólafulltrúar sem eru starfsmenn sveitarfélaga. Leikskólafulltrúi skal í umboði leikskólanefndar og í samvinnu við leikskólastjóra sinna ráðgjöf og eftirliti með starfsemi í leikskólum innan sveitarfélagsins og stuðla að samstarfi þeirra innbyrðis. Sveitarfélög geta ráðið sameiginlegan leikskólafulltrúa, hvort sem þau reka sameiginlegan leikskóla eða ekki. Leikskólafulltrúi skal hafa leikskólakennaramenntun.

Við lagabreytinguna 2008 var ekki lengur skylt að leikskólafulltrúi væri ráðinn hjá hverju sveitarfélagi. Það var þó alls ekki tilgangur lagabreytingarinnar, skv. greinargerð með lögnum, að minnka gæði leikskólastarfs með því að leggja þær stöður niður heldur átti að gefa svigrúm til þess að byggja upp sérfræðipjónustu á fjölbreyttari hátt ef svo hentaði.

**Í lögum um leikskóla 2008 nr. 90 segir :**

**21. gr. Skipulag sérfræðipjónustu.**

- Á vegum sveitarfélaga skal rekin sérfræðipjónusta fyrir leikskóla. Í sérfræðipjónustu felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra **og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra.** Sveitarfélög ákveða fyrirkomulag sérfræðipjónustu en skulu stuðla að því að hún geti farið fram innan leikskóla.
- Sérfræðipjónusta fyrir leikskóla getur verið rekin sameiginlega með sérfræðipjónustu grunnskóla. Þá geta sveitarfélög sameinast um slíkan rekstur eða gert þjónustusamninga við önnur sveitarfélög, stofnanir eða aðila sem veita þá þjónustu sem þörf er fyrir hverju sinni.
- Ráðherra setur reglugerð um sérfræðipjónustu leikskóla í samráði við Samband íslenskra

sveitarfélaga.

■ **22. gr. Framkvæmd sérfræðipjónustu.**

Börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, að mati viðurkenndra greiningaraðila, eiga rétt á slíkri þjónustu innan leikskólans. Þjónusta þessi skal fara fram undir handleiðslu sérfræðinga samkvæmt ákvörðun leikskólastjóra og sérfræðipjónustu skv. 21. gr. í samráði við foreldra.

Leikskólastjóri skal samræma innan hvers leikskóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna skv. 21. gr. Jafnframt skal hafa samráð við félagsþjónustu sveitarfélaga vegna málefna einstakra barna eftir því sem þurfa þykir.

Við framkvæmd sérfræðipjónustu skulu sveitarfélög leggja áherslu á góð tengsl leikskóla og grunnskóla með samfelli í skólastarfi að leiðarljósi.

■ **23. gr. Sérfræðingar í leikskólamálum.**

Á vegum sveitarfélaga skulu starfa sérfræðingar í leikskólamálum er veita leikskólum ráðgjöf og stuðning við nýbreytni og skólaþróun. Þeir sinna einnig eftirliti með starfsemi leikskóla og stuðla að samstarfi þeirra innbyrðis og milli skólastiga.

Félag stjórnenda leikskóla lítur það alvarlegum augum ef leikskólastjórnendur hafa ekki aðgang að ráðgjöf og stuðningi við starfsemi leikskóla.

Hvernig er staðan í þínu sveitarfélagi/ rekstrarumhverfi? Er sérfræðingur í leikskólamálum sem leikskólastjórnendur geta leitað til með ráðgjöf og stuðning við starfsemi og starfsfólk leikskóla starfandi á vegum rekstraraðila? Ef svo er ekki hvernig stendur til að bæta úr því?

Með von um góð viðbrögð.

Fyrir hönd Félag stjórnenda leikskóla

Með vinsemd

Ingibjörg Kristleifsdóttir formaður.

[inga@ki.is](mailto:inga@ki.is)